

Ritdómur

Climate Change and the Symbol Deficit in the Christian Tradition:

***Expanding Gendered Sources*, eftir Jan-Olav Henriksen.**

T&T Clark Explorations in Theology, Gender and Ecology,

ritstj. Hilda P. Koster og Arnfríður Guðmundsdóttir.

London: Bloomsbury Publishing, 2022, 267 bls.

Bókin *Climate Change and the Symbol Deficit in the Christian Tradition: Expanding Gendered Sources* eftir Jan-Olav Henriksen skiptist í þrjú hluta og fimmtán kafla sem deilast jafnt á hlutana. Í inngangi varpar höfundur, sem er trúarheimspekingur og prófessor við MF, Norwegian School of Theology, Religion and Society í Osló, fram ýmsum spurningum um gagnsemi guðfræðinnar í samhengi við hversu alvarlegar loftslagsbreytingar nú á tímum eru. Í fyrir-rúmi í verkinu má segja að sé spurningin um hvernig kristnir guðfræðingar geti lagt sitt af mörkum varðandi breytta hegðun mannkyns í þágu jarðarinnar. Henriksen bendir á að fjöldi guðfræðinga hafi um árabíl lagt drjúgt til samfélagslegrar umræðu um málefnið. Hvað sem því líði breytist þó ekkert. Líferni fólks og framferði haldist óbreytt þrátt fyrir eindregnar ábendingar vísindasamfélagsins um að stórtækra breytinga á lífsháttum mannkyns sé þörf.

Markmiðið með bókinni er róttæk endurskoðun á táknafræði kristinnar trúarhefðar í því skyni að vekja fólk til vitundar um að það verði að breyta lífsháttum sínum til frambúðar í þágu jarðarinnar. Höfundur rýnir margvísleg, guðfræðileg og veraldleg skrif í sögu og samtíð á sviði tákna- og menningarfræði. Hann varar við ofmati á getu guðfræðinnar til þess að „leysa“ vandamál heimsins og segir vandann sem stafar af loftslagsbreytingum ekki á færi nokkurrar einstakrar fræðigreinar að „leysa“ heldur sé verkefnið nú fremur að semja sig að honum, hvað sem líði táknum eða öðrum áherslum þeirra fjölmörgu sem um málefnið fjalla nú um stundir (bls. 2–3).

Mikilvægt er að átta sig á forsendum trúarskilnings Henriksens, sem hann gerir ágæta grein fyrir í inngangi. Meginforsendan er að trú og breytni mannsins (e. *human agency*) tengist náíð. Trúin spretti af lífinu sjálfu, eins og því sé lifað hverju sinni, og því birtist það sem kallað sé trúarlegt atferli með fjölbreyttum hætti í síðum okkar og samfélagi. Hann segir kristna guðfræði ganga að mörg þúsund ára gamalli þekkingu á manni og heimi sem þurfi stöðugt að túlka upp á nýtt, vinsa burt úr henni það sem sé úrelt og skapa nýtt. Verkefni guðfræðinnar sé að flokka, túlka, velja og hafna hvað af hinum táknafræna arfi sé boðlegt, í merkingunni gagnlegt, og hvað ekki (bls. 4).

Snúum okkur þá að fyrsta hluta bókarinnar. Kaflarnir fimm sem tilheyra honum eiga það sameiginlegt að í þeim skoðar höfundur þekkt, táknafræn hugtök, hugmyndir og frásagnir í vestrænni og kristinni hugmyndahefð sem eiga það sameiginlegt að vera vegatálmi og aftra

Því að mannkyn taki til verka andspænis afleiðingum loftslagsbreytinga. Gegn slíkum neikvæðum hugmyndum teflir hann jákvæðari tákmyndum sem hann telur til þess fallnar að vekja fólk og hvetja til aðgerða. Hér birtist grundvallarskilningur hans á táknum, sem er sá að, þegar best lætur, tengi þau okkur við Guð, náttúruna og annað fólk — eða eins og hann segir á bls. 109: „Tákn hjálpa okkur að takast á við veruleikann og skilja hann. Þau staðsetja okkur og eiga þátt í að við áttum okkur á því hverju þarf að umbreyta“.

Dæmi um táknræna hugmynd sem hann telur að vinni gegn aðgerðum til að sporna við loftslagsbreytingum er hugmyndin um „verk Guðs“ (e. *acts of God*) en í henni segir hann birtast fjarlægá guðsmynd þar sem Guð stjórnir öllu, þar á meðal loftslagsbreytingunum. Slíkt sjónarmið gerir að engu tilraunir mannkyns til að hamla gegn loftslagsbreytingum þar sem slíkt tjái vantraust á mátt Guðs og gjörðir. Gegn þeirri hugmynd teflir Henriksen nýlegu hugtaki úr allt annarri átt, „mannöld“ (e. *anthropocene*), en sé horft frá þeim sjónarhóli liggur öll ábyrgð hjá mannkyni að bregðast við loftslagsvandinum, sem er án nokkurs vafa af manna völdum.

Henriksen beitir svipuðu verklagi í öðrum köflum fyrsta hlutans, þ.e. hann vegur og metur út frá ákveðinni gagnsemisforsendu áhrifamiklar og táknrænar hugmyndir og hugtök sem hann mátar við loftslagsumræðuna. Í öðrum kafla beinir hann t.d. spjótum sínum að túlkunum miðaldasagnfræðingsins Lynns White Jr. sem fann trúarlega réttlætingu fyrir því innan kristinnar trúarhefðar að náttúran skyldi bundin á bás og henni skipað undir yfirráð mannsins. Gegn þeirri skoðun teflir Henriksen skrifum evrópsku heimspekinganna Adorno og Horkheimer sem hvorugur fann kristinni trúarhefð nokkuð til foráttu í því sambandi. Niðurstaða Henriksens í öðrum kafla er því sú sama og þeirra: mannmiðlægni og ofuráhersla á skynsemi mannsins er verk nútímans fremur en kristindómsins. Upplýsingarfrömuðirnir upphófu manninn og sneru blinda auganu við framkomu hans í garð annarra lífvera.

Eitt þeirra fyrirbæra sem samkvæmt Henriksen aftrar því að mannkyn bregðist við loftslagsbreytingunum er neysluhyggja og auðhyggja en öflugt mótvægi gegn þeim fyrirbærum finnur Henriksen í nýlegum skrifum Frans páfa. Enn fremur bendir hann á þá staðreynd að trúarlegar hugmyndir og tákmyndir séu markvisst jadarsettar og litið á þær sem einkamál hvers og eins og þannig nái sjónarmið og skoðanir guðfræðinnar ekki eyrum fólks. Sú ályktun sem draga má af fyrsta hluta bókarinnar er að vestrænn og kristinn mannskilningur þurfi að ganga í gegnum róttæka endurskoðun þar sem áhersla sé lögð á að manneskjan sé náttúruvera, hluti náttúrunnar en ekki yfirboðari hennar.

Í næsta hluta bókarinnar kynnir höfundur hvernig trúarleg tákni vekja rétta mannlega breytni en geta líka hindrað hana. Gagnhyggjan (e. *pragmatism*) er sú kenning sem liggur til grundvallar hugmyndum Henriksens um gildi táknrænnar hvatningar. Hana þróar hann í öðrum hluta verksins og skoðar röksemdir fjölda sérfræðinga á sviði menningarfræði, dyggðasiðfræði og táknafræði niður í kjölinn. Gagnrýni hans beinist í ríkum mæli að mannskilningi nútímans, eins og þegar er fram komið, en sá skilningur hefur einangrað manneskjuna frá öðrum lífverum náttúrunnar, í krafti óréttmætrar sérstöðu sem hún telur sig hafa. Niðurstöðuna hér túlka ég á þann veg að höfundur telji sig hafa fundið mikilvæga þætti sem muni hjálpa honum að setja fram kenningu sína um viðunandi andsvar guðfræðinnar á tímum loftslagsbreytinga í síðasta hluta bókarinnar.

Upphafsorð þriðja og síðasta hluta bókarinnar eru á þessa leið í lauslegri þýðingu: „Viska skiptir því aðeins máli að hún sé staðfest í iðkun!“ (bls. 131). Þessi setning rímar vel við megininntak þess sem Henriksen segir en það er leitinn að guðfræði sem hægt sé að tefla

fram sem raunverulegu, umbreytandi afli gegn ógnum og hörmungum af völdum loftslagsbreytinga. Í fyrsta hlutanum tók hann dæmi um tákn sem hamla viðbrögðum mannkyns en hér er komið að hinum uppbyggilega hluta verksins sem hann kallar tákn fyrir iðkun (e. *symbols for practices*). Ekki kemur á óvart að hitta fyrir klassísk, kristin og táknræn stef, s.s. skaparann, sköpunarverkið, syndina og hina síðustu tíma, en líka siðfræðileg hugtök eins og tengsl, umhyggju og ábyrgð. Í lokakaflanum fer fram stutt umfjöllun um stefin fórn, von, náð, exodus og paradís.

Henriksen viðhefur sömu aðferðafræði og í fyrri hlutum verks síns, þ.e. hann fjallar um túlkanir samtímaguðfræðinga á efninu og leggur mat á hversu vel þær nýtast sem efniviður í hið öfluga andsvar guðfræðinnar við afleiðingum loftslagsbreytinga. Í niðurstöðukaflanum ítrekar hann fyrri áherslur á mikilvægi endurskoðunar kristinnar trúarhefðar og dregur upp dökka mynd af þeirri framtíð sem bíður okkar, gerum við ekki neitt. Mikil mistök hafi átt sér stað í tímans rás og margir reynt að hindra aðstreymi nýrra og ferskra strauma inn á svið guðfræðinnar, t.d. guðfræði kvenna og fleiri kúgaðra hópa. Hvort það hefði hins vegar breytt einhverju varðandi mesta alvörumál okkar tíma, afleiðingar loftslagsbreytinganna, lætur hann ósagt. Lokaályktanir hans eru á þá leið að guðfræðin eigi vissulega til gnægð praktískra verkfæra á sínum stóra og mikla lager en eftir standi að nota þau rétt. Hann endar á orðum Andra Snæs Magnasonar sem standa í bréfi sem komið var fyrir í blýhólki uppi á Oki, en þar segir: „Þetta minnismarki er til staðfestingar á því að við vitum hvað er að gerast og hvað þarf að gera. Aðeins þú veist hvort við gerðum það!!!“ (bls. 252).